

## Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150434

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. mars 2014 skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingu, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 28. mars 2014 og endanlegum skilmálum dags. 25. nóvember 2015. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

<b>Útgefandi</b>	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
<b>Ábyrgð útgefanda</b>	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétttháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.
<b>Auðkenni</b>	LSS150434.
<b>ISIN númer</b>	IS0000020691.
<b>Tilgreind mynt</b>	ISK.
<b>Nafnverð</b>	ISK 240.000.000.
<b>Áður útgæfið og selt</b>	ISK 19.179.352.565.
<b>Stærð flokks skv. núgildandi heimild</b>	ISK 30.000.000.000 að nafnvirði.
<b>Dagaregla</b>	30E/360.
<b>Nafnverðseiningar</b>	ISK 1.
<b>Útgáfudagur</b>	26. nóvember 2015.
<b>Fyrsti vaxtadagur</b>	15. október 2011.
<b>Tegund bréfs</b>	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
<b>Vextir</b>	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
<b>Tíðni afborganna og vaxta</b>	Tvisvar á ári, 15. apríl og 15. október ár hvert.
<b>Fyrsta greiðsla</b>	15. apríl 2012.
<b>Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana</b>	45.
<b>Lokagjalddagi</b>	15. apríl 2034.
<b>Verðtrygging og grunnvísitala</b>	Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 387,1 (VNV 1. mars 2012).

<b>Ávöxtun á söludegi</b>	Ávöxtunarkrafa dags. 24. nóvember 2015 var 2,95% og sölugengi 105,004269.
<b>Útreikningur ávöxtunar</b>	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
<b>Taka til viðskipta</b>	Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð 240.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þann 27. nóvember 2015.
<b>Uppgreiðsluheimild</b>	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
<b>Víkjandi ákvæði</b>	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
<b>Hlunnindi</b>	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
<b>Verðbréfamistöð</b>	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 27. nóvember 2015. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útböðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.


Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útböðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útböði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 498.056. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 62.500 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 252.010.246. Að frádráginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útböðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar 251.512.190.

#### Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 25. nóvember 2015:



sem hefur til þess fullt umboð